

# Skil á hlutafjármiðum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga og einkahlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjármiðum vegna ársins 2007. Minnt er á að unnt er að skila hlutafjármiðum með **rafrænum hætti** í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á þjónustusíðu á **www.skattur.is**. Skila skal upplýsingum um hlutafjáreign allra hluthafa í árslok 2007, innlendra sem erlendra. Miðunum á alltaf að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2007. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

Upplýsingar um hluthafa/eiganda		Hlutafjármiði árið 2008			
01 Kennitala 220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn	Upplýsingar um hlutafélag (eða sparisjóð)			
Nafn og heimilisfang Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík		Nafn hlutafélags og kennitala 421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík			
Hlutabréf	76 Útg. jöfnunarhlutabréf á árinu 0	77 Hlutafjáreign í árslok 250.000	78 Greiddur arður á árinu 25.000	79 Staðgreiðsla af arði 2.500	
Stofnfjárbréf sparisjóðanna	80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	84 Greiddur arður á árinu	86 Staðgreiðsla af arði	

RSK 2.045 Frumrit: Til skattstjóra

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **8. febrúar 2008**. Sé upplýsingunum skilað á pappírsmiðum er skilafresturinn styttri, eða til 28. janúar. Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil á skattframtali 2008.

**Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum. Kerfi þetta auðveldar til muna þessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á [www.skattur.is](http://www.skattur.is) og krefst veflykils.**

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í síma 563 1100.